

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 50. stjórnarfundar 7. nóvember, 2024 kl. 14:00 – 15:45.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Diljá Ragnarsdóttir og Dagný Lisa Davíðsdóttir sátu fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir

Fundargerðir 47., 48. og 49. fundar samþykktar.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka afstöðu til fjögurra umsókna. Samþykkt að boða höfnun í einu tilviki þar sem skilyrði laganna virtust ekki uppfyllt. Samþykkt að boða frávísun í einu tilviki þar sem húseignin er í eigu félags.

Kaup samþykkt í tveimur tilvikum.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Tillaga um leiðréttingu á kaupverði

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að ákveða hvernig standa eigi að leiðréttingu á verðlagningu eignar sem reyndist í umtalsvert verra ástandi en gögn gáfu til kynna við undirritun kaupsamnings. Við móttöku reyndist eignin í ástandi sem er nálægt því að teljast fokhelt. Brunabótamat á eigninni miðað við það ástand liggur ekki fyrir.

Framkvæmdastjóra var falið að tilkynna seljanda að félagið muni hefja ferli við leiðréttingu á kaupverði.

4. Skýrsla framkvæmdarstjóra

Alls hafa verið samþykktar 912 umsóknir um kaup og búið er að þinglýsa 906 kaupsamningum. Ellefu umsóknum hefur verið vísað frá og sex hefur verið hafnað. Mótteknar eignir eru orðnar 815. Alls hafa 28 búseturéttarhafar óskað eftir greiðslu fyrir búseturétt og gengið hefur verið frá greiðslum til 25 umsækjenda.

Tryggingarbréf lánveitenda er að nafnvirði 30 ma. kr. en nafnvirði skulda félagsins er orðið hærra eða 30.163 ma. kr. Fram kom að veðgæsluáðili muni fara fram á fund með kröfuhöfum til að fá tryggingarbréfið hækkað.

5. Tillaga um fjármögnun rekstrar ársins 2024

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að frágangi á fjármögnun á rekstri félagsins árið 2024. Tillagan verður kynnt stærstu hagaðilum félagsins á næstu vikum og samanstendur bæði að eiginfjár framlagi og lánsfjármögnun til að mæta útgjöldum ársins 2024.



6. Hollvinasamningar

Framkvæmdastjóri greindi fá því að félagið yrði tilbúið til að kynna hollvinasamninga og opna fyrir umsóknir um þá í næstu viku.

7. Önnur mál

Næsti fundur 21. nóvember 13-15.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 15:45.



Guðrún Þorleifsdóttir